

KAUPSAMNINGUR OG AFSAL

Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, Stíllholti 16-18, 300 Akranesi, (hér eftir nefndur seljandi), selur hér með afsalar **NH-1 ehf., kt. 410617-0210** (hér eftir nefndur kaupandi), neðangreindri fasteign ásamt lóðaréttindum samkvæmt lóðarleigusamningi til fullrar eignar og umráða með þeim skilmálum sem nánar getur í kaupsamningi og afsali þessu:

Hið selda: 147,7 m² einbýli við Smiðjuvelli 14, 300 Akranesi, fasteignanúmer 227-1092, landnúmer 131308, matshluti 01 0101, ásamt öllu sem fylgir og fylgja ber, að engu undaskildu, þ.m.t. lóðarréttindum skv. lóðarleigusamningi.

Fasteignamat: kr. 61.000.000,-

Kaupverð: kr. 25.000.000,-, hefur þegar verið greitt.

Kvaðir og önnur eignarbönd Eignarheimild, afsal sjá skjal nr. A01620.
Kaupsamningur, sjá skal nr. A01619.
Lóðarleigusamningur, sjá skjal nr. 412-G-001954/1980.

Sú kvöð skal hvíla á eigninni að kaupandi, eða aðrir sem kunna að leiða rétt sinn frá honum, ber að fjarlægja núverandi hús og mannvirki af lóðinni með flutningi eða niðurrifi eigi síðar en 31. desember 2021. Fellur kvöðin niður að því fullnægðu. Sérstakri yfirlýsingu um kvöðina verður þinglýst á eignina sbr. meðfylgjandi yfirlýsingu dagsetta í dag.

Eignin er veðbandslaus.

Ástand hins selda: Eignin er seld til niðurrifs í því ástandi sem eignin er í og kaupandi þekkir, hefur kynnt sér vel og gerir ekki athugasemdir við. Seljandi getur ekki veitt frekari upplýsingar um ástand eignarinnar en ráða má af skoðun hennar. Seljandi mun ekki gera neinar endurbætur á eigninni, né þrifa hana né hreinsa fyrir afhendingu enda er forsenda sölunnar að seljandi fjarlægji hús og mannvirki af lóðinni með niðurrifi eða flutningi. Seljandi kaupir lóðina til uppbyggingar skv. nýju deiliskipulagi.

Afhendingartími: Seljandi afhendir kaupanda eignina við undirritun samnings þessa.

Arður og gjöld: Seljandi ber ábyrgð, áhættu og kostnað af eigninni fram að afhendingu hennar. Kaupandi hirðir arð af eigninni og ber kostnað af henni frá afhendingu.

S.S.

SEB

Kaupandi greiðir öll gjöld vegna kaupsamnings og afsals þ.m.t. vegna þinglýsingar.
Uppgjör kostnaðar, m.a. vegna opinberra gjalda hefur farið fram.

Varnarþing:

Mál sem kunna að rísa vegna kaupsamnings þessa skal reka fyrir Héraðsdómi Vesturlands.


Seljandi lýsir kaupanda réttan og lögmætan eiganda hinnar seldu eignar.

Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín á kaupsamning og afsal þetta í viðurvist vitundarvotta.

Akranesi, 5. maí 2021.

F.h. kaupanda

F.h. MH-1 chl



Sigurður Sigurgeirsson
Sí. 280163-3099

F.h. seljanda


Með fyrirvara um samþykki bæjarráðs og
bæjarstjórnar Akraness



Sævar Freyr Þráinsson,
bæjarstjóri

Vitundarvottar að fjárræði, rétttri
dagsetningu og undirskrift
aðila:

Bjarni Bjarnason
0109624559



250170-4169

Fylgiskjal: Yfirlýsingu um kvöð um niðurrif dagsett í dag.